

Velferðarnefnd Alþingis

*Sent með tölvupósti*  
Reykjavík, 10. janúar 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um dýralyf, 149. mál**

Vísað er til tölvupósts frá Velferðarnefnd Alþingis dags. 15. desember 2021, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um dýralyf, 149. mál (152. löggjafarþing). Frestur til að skila umsögn var veittur til 10. janúar 2022. Frumvarpið myndar nýja heildstæða löggjöf og er til innleiðingar á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/5 og 2019/6 (dýralyfjareglugerðin) auk þess sem færð eru ákvæði er fjalla um dýralyf úr lyfjalögum nr. 100/2000. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir efni frumvarpsins og gera eftirfarandi athugasemdir.

Bændasamtökin styðja markmið frumvarpsins og telja jákvætt að heildarlöggjöf verði sett um dýralyf. Samtökin skiluðu umsögn um drög að frumvarpinu í umsagnarferli í Samráðsgátt stjórnvalda 7. nóvember 2021 (mál nr. 193/2021). Sneru athugasemdir samtakanna fyrst og fremst að fyrirkomulagi lyfjaávisana dýralækna skv. 45. gr. frumvarpsins og skráninga á lyfjanotkun og meðhöndlun skv. 49. gr. Aðrar athugasemdir sneru að orðanotkun. Bent var á mikilvægi fjarheilbrigðisþjónustu við dýr í dreifbýli og svigrúms dýralækna til að ávísa lyfjum án klínískra skoðana. Komið hefur verið til móts við þær athugasemdir í frumvarpinu eins og það liggur fyrir. Reglugerðarheimild í 6. mgr. 45. gr. frumvarpsins hefur verið uppfærð svo hún nái til fjarheilbrigðisþjónustu og skilyrði fyrir henni. Þá var nýjum málslíð bætt við 1. mgr. 49. gr. þar sem kveðið er á um að eigandi eða umsjónarmaður skuli njóta aðstoðar dýralæknis við skráningu lyfjanotkunar. Bændasamtökin ítreka mikilvægi þess að haft verði samráð við samtökin við gerð reglugerðarinnar.


Í fyrrnefndri umsögn samtakanna var jafnframt lagt til að bætt yrði við vinnsluheimild í 49. gr. til handa samtökum bænda og félögum í eigu þeirra til nýtingar í kynbótastarfi sem hafi það að markmiði að draga úr tíðni sjúkdóma. Í athugasemdum við 49. gr. frumvarpsins segir að slík heimild þarfnist frekari umræðu og skoðun af hálfu ráðuneytisins. Upplýsingar um lyfjanotkun og sjúkdómsgreiningar skipta máli í ræktunarstarfi á íslensku búfé. Svo dæmi sé tekið hefur um áratugaskeið verið notast við mælingu á frumutölu við ræktun á kúm sem mælikvarða á þol gegn júgurbólgu, sem er algengasti framleiðslusjúkdómurinn í íslenskri nautgriparækt.


Sjúkdómurinn veldur afurðatjóni sem nemur hundruðum milljóna á ári hverju auk þess að vera dýravelferðarmál. Sjúkdómurinn er meðhöndlaður með sýkingalyfjum og því til mikils að vinna í ræktunarstarfi sem stuðlar að því að dregið sé úr notkun sýklalyfja í landbúnaði. Til að nýta megi upplýsingarnar við ræktun þarf aðgang að gögnum sem skráðar eru í gagnagrunninn Heilsu. Því er lagt til að sett verði í frumvarpið heimild til aðgangs að gögnunum til samtaka bænda og félögum í þeirra eigu og að nánar yrði kveðið á um skilyrði fyrir aðgangi í reglugerð. Við 4. mgr. 49. gr. laganna bætist: „Í þeim tilgangi að draga úr tíðni dýrasjúkdóma er samtökum bænda og félögum að fullu í þeirra eigu heimilt að nýta skrárnar til rannsókna á smitsjúkdómum og til ráðgjafar við bændur m.a. til kynbóta búffjár.“

Að því sögðu eru fulltrúar samtakanna reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðu og skoðanaskipta.

Virðingarfyllst,

f.h. Bændasamtaka Íslands

  
Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri.

  
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir, lögfr.